

## FUNDARGERÐ

### Héraðsnefnd Þingeyinga

kom saman til fundar í Jarðböðunum við Mývatn þriðjudaginn 24. nóvember 2015 kl. 13:30.

#### **Mætt voru:**

Héraðsnefndarfulltrúarnir Arnór Benónýsson frá Þingeyjarsveit, Friðrik Sigurðsson og Óli Halldórsson frá Norðurþingi, Reynir Atli Jónsson frá Langanesbyggð, Sigurður Þór Guðmundsson frá Svalbarðshreppi, Steinþór Heiðarsson frá Tjörneshreppi og Sigurður Böðvarsson frá Skútustaðahreppi sem sat fundinn í forföllum aðal- og varafulltrúa.

Þá sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn, undir fyrsta og öðrum lið dagskrárlið, framkvæmdastjórar sveitarfélaganna.

Formaður, Arnór Benónýsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

#### **Þetta gerðist:**

#### **1. Stofnsamningur Héraðsnefndar Þingeyinga bs.**

Farið var yfir drög að stofnsamningi sem hafði verið sendur sveitarfélögunum til kynningar. Við yfirferð voru gerðar nokkrar tæknilegar breytingar sem færðar voru inn í skjalið.

Í umræðu kom fram einhugur um það upplegg sem stofnsamningurinn felur í sér; að styrkja sameiginlegan vettvang sveitarfélaganna í héraði og mynda umgjörð sem leyst geti sameiginleg rekstrarverkefni sveitarfélaganna skv. ákvörðun þeirra.

Að yfirferð og umræðu lokinni var stofnsamningurinn borinn upp til afgreiðslu og samþykktur samhljóða.

#### **2. Samstarfssamningur sveitarfélaganna um málefni almannaþingavarna**

- Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna undirrituðu samstarfssamning þeirra um málefni almannaþingavarna sem áður hafði verið afgreiddur af HNP og hlotið samþykki aðildarsveitarfélaganna.
- Lögð fram drög að samstarfssamningi milli HNP, Norðurþings og Gríms Kárasonar vegna starfsmanns almannaþingavarna. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir samningnum sem tekur við af samskonar samningi sem í gildi var við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga til síðustu áramóta.

Samningurinn samþykktur samhljóða og tekur hann gildi frá og með 1. janúar 2015 með þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við áramót.

### 3. Rekstraráætlun HNP 2016

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir áætluninni sem gerir ráð fyrir óbreyttum rekstri frá því sem er á yfirstandandi ári að teknu tilliti til breytinga sem leiða af fjölgun fulltrúa í fulltrúaráði og breyttri skipan almannavarnarnefndar. Útgjöld hækka um 5% frá áætlun yfirstandandi árs en framlög sveitarfélaganna verða óbreytt. Halli ársins sem áætlaður er 2,1 mkr. (þar af 1,6 mkr. vegna skipulags- og hönnunarvinnu í Þingey) verður fjármagnaður af handbæru fé héraðssjóðs.

Að umræðu lokinni var rekstraráætlunin samþykkt samhljóða.

### 4. Málefni Menningarmiðstöðvar Þingeyinga

- Verkefnaáætlun 2016 lögð fram til kynningar.
- Rekstraráætlun 2016 lögð fram til afgreiðslu skv. 5. gr. skipulagsskrár MMP. Friðrik Sigurðsson gerði grein fyrir helstu atriðum áætlunarinnar en megin breytingin á milli ára felst í því að Sauðaneshúsið er nú komið í rekstur hjá stofnuninni.

Að umræðu lokinni var áætlunin samþykkt samhljóða.

- Fundargerð stjórnar MMP 28. okt. 2015 lögð fram til kynningar.

### 5. Erindi frá Urðarbrunni

Fyrir liggur erindi frá Urðarbrunni um fjárstuðning að upphæð 1,5 mkr. vegna verkefnis sem félagið hefur unnið að og felst í skráningu örnefnda í héraði í stafrænan kortagrunn Landmælinga Íslands.

Samþykkt samhljóða að veita umbeðinn styrk af fjármunum Þingeyjar enda um að ræða menningarsögulegt verkefni sem m.a. tekur til eyjarinnar sem slíkrar.

Óli Halldórsson vék af fundi við umræðu og afgreiðslu málsins.

### 6. Önnur mál

#### a) Sameining Náttúrrannsóknarstöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar

Óli Halldórsson vakti athygli á því að svo virtist sem stjórnvöld ætluðu að knýja fram sameiningu stofnananna þrátt fyrir skýra andstöðu þeirra sveitarfélaga sem verndarsvæði Laxár og Mývatns nær til. Eftir umræðu var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða sem send verður umhverfisráðherra og þingmönnum kjördæmisins:

*Héraðsnefnd Þingeyinga tekur heils hugar undir þær bókanir sem sveitarfélögin sem verndarsvæði Mývatns og Laxár nær til hafa gert varðandi áform um sameiningu Náttúrrannsóknarstöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ) við Náttúrufræðistofnun Íslands. Nefndin lýsir algjerri andstöðu við þessi sameiningaráform, sem byggja á þeirri meginhugmynd að miðstýra skuli starfsemi í byggðum landsins frá miðlægum stofnunum í höfuðborginni. Héraðsnefnd bendir á að allar forsendur eru til að ná fram markmiðum umræddrar sameiningar með rekstrarsamstarfi og/eða samningum RAMÝ við öflugan þekkingar- og rannsóknarstarfsemi í Þingeyjarsýslum, þ.e. Náttúrustofu*

*Norðausturlands. Ennfremur sé ekkert því til fyrirstöðu að RAMÝ haldi áfram góðu samstarfi við hinar miðlægu stofnanir ríkisins undir eigin nafni.*

**b) Tilnefning í stjórn Þekkingarnets Þingeyinga**

Sigurður Þór Guðmundsson, sem tilnefndur hefur verið af HNP til setu í stjórn ÞP vakti athygli á því að tilnefna þarf í stjórnina næsta vor, en tilnefnt er til tveggja ára í senn.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30